

2. gr.

Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887, 1. gr. laga nr. 65/1957 og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákvæðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Við endursölu skulu skuldaskjöl, sem tryggð eru með veði samkvæmt 1. gr., undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. marz 1972 skipaði iðnaðarráðherra þá Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómara, Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóra, Stefán Pétursson, hæstaréttarlögmenn, og Þröst Ólafsson, hagfræðing, í nefnd til að semja frumvarp að lögum um „lausafjárveðrétt iðnfyrirtækja“. Hefur nefndin orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp ásamt greinargerð.

Almenn greinargerð með frumvarpinu.

Iðnaður og iðja hafa löngum verið lítilsmegandi á Íslandi, þegar frá er skilin vinnsla landbúnaðar- og sjávarafurða. Á síðustu áratugum hefur þó risið hér upp verulegur iðnaður, bæði til framleiðslu neytluvara innanlands og til framleiðslu vara til útflutnings. Mun það sammæli flestra, að óhjákvæmilegt sé að efla mjög alla iðju og iðnað til að tryggja næga atvinnu landsmanna og auka útflutningsverzlun.

Iðnfyrirtæki hafa kvartað mjög um rekstrarfjárskort og talið, að þau ættu mun þengri aðgang að rekstrarlánunum hjá hönkum heldur en aðrar meginatvinnugreinar laudsins. Í álitserð frá Seðlabanka Íslands, dags. 13. marz 1972, segir m. a. svo um þetta efni:

„Vegna þeirrar miklu fjölbreytni, sem er í iðnaðarframleiðslunni og þeirrar sérstöðu, sem þessi framleiðsla hefur af þeim ástæðum og ýmsum öðrum, svo sem í söluumferð, bæði innanlands og utan, hefur ekki verið framkvæmanlegt að láta gilda sömu reglur um lán út á iðnaðarvörur og í gildi hafa verið um tiltölulega einhæfar vörur í framleiðslu sjávarútvegs og landbúnaðar, en lánveitingar út á afurðir þessara atvinnuvega eru framkvæmdar á grundvelli þeirrar breytingar á veðlögum, sem gerð var 1960. Vandamálið, sem um er að ræða í sambandi við iðnaðarvörulán er fyrst og fremst varðandi veðhæfi varanna.“

Gildandi lög um samningsveð eru lög nr. 18 4. nóvember 1887 ásamt síðari breytingum. Í lögum þessum er sem meginreglu gert ráð fyrir tveimur flokkum veðandlaga, fasteignum og lausafé í vörzlum veðhafa eða sérstaks vörzlumanns (handveð). Sjálfsvörzluveð í lausafé er eigi bannað, en hinir veðsettu munir skulu sérgreindir. Beint er manni bannað að veðsetja allt sem hann á eða eignast. Þá er bannað að setja að sjálfsvörzluveði safn hluta, sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja nota og einkenndir með almennu nafni. Frá þessu voru þó gerðar þær undantekningar, að leiguliða var heimilt að setja landsdrottnei sínum að sjálfs-

vörzluveði jarðræktaráhöld sín og búsafurðir til tryggingar skuldum, er af ábúðinni leiddi. Þá var heimilt, er jörð var veðsett, að veðsetja með jörðinni kúgildi, jarðarhús, áhöld, búsgögn og þann heyforða, sem á henni var hverju sinni. Þá var þeim, er veðsetur verksmiðju og önnur iðnaðarhýsi, heimilt að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni fylgi fasteigninni. Samkvæmt þessu er ljóst, að veðsetning safns muna var aðeins heimil í sambandi við fasteignaveð eða þannig, að lausaféð væri nátengt fasteigninni. Rétt er að benda á, að sjávarútvegur var í reynd útilokaður frá þessari tegund veðsetninga. Mun nokkru síðar hafa hafizt ásókn þeirra um að fá hliðstæðan rétt. Með lögum nr. 34 31. maí 1927 var útgerðarmanni heimilað að veðsetja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn til tryggingar útgerðarlánnum. Með lögum nr. 46 19. júní 1933 var þeim, er veðsetur skip, heimilað að veðsetja með skipi lausafjarmuni, sem ætlaðir eru til notkunar skipsins, svo sem kola- og olfubirgðir þær, sem eru í skipinu hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnað og önnur áhöld. Næst sótti landbúnaðurinn á. Með lögum nr. 28 16. febrúar 1953 var bændum heimilað að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, til tryggingar rekstrarlánnum, sem voru ekki veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

Lög nr. 34/1927 og lög nr. 46/1933 voru felld úr gildi með lögum nr. 87 28. desember 1960, sem enn eru í gildi. Samkvæmt þessum lögum er útgerðarmanni, framleiðanda sjávar- og landbúnaðarafurða, svo og öðrum þeim, sem hafa þessar vörur til sölumeðferðar, heimilað að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn. Þá nær veðrétturinn til verðbóta og gjaldeyrisfriðinda á afla og afurðir. Þá eru í lögum þessum ákvæði um sérstakan rétt veðhafa „til að tryggja rétt lánsstofnana gagnvart þriðja manni, sem kynni að hafa tekið við veðsettum afla eða afurðum, með því móti að veðsetning félli niður“ eins og segir í athugasemdum við frumvarp að lögum þessum.

Á síðustu áratugum hafa hvorki viðskiptabankarnir né Seðlabankinn veitt, það sem kalla mætti almenn lán til rekstrar iðnfyrirtækja vegna framleiðslunnar, gagnstætt því sem er og hefur verið um sjávarútveg og landbúnað. Er aðalástæða þessa sú, að löggjöfin hefur ekki veitt heimildir til þess að veðsetja með sjálfsvörzluveði vörur iðnaðarins, hvort sem um er að ræða hráefni, hálfunnar eða fullunnar vörur. Lánastofnanir hafa þó veitt allviðtæk lán til fyrirtækja, sem unnið hafa úr afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Hafa regluleg lán nú undanfarin ár verið veitt úr viðskiptabönkum með endurkaupum í Seðlabankanum til eftirtalinna greina: Til ullarverksmiðja við framleiðslu á lopa, til útflutnings á fullunnum vörum, þegar um mikið magn er að ræða, til framleiðslu veiðarfæra, einkum Hampiðjunnar, til verksmiðja, sem súta gærur, og til framleiðslu kísilgúrs. Hefur sá hluti þessara lána, sem endurkeyptur hefur verið af Seðlabanka, verið að meðaltali með 8—9% ársvöxtum.

Samkvæmt yfirliti viðskiptabankanna námu lán þeirra til iðnaðar 2190 millj. kr. í árslok 1970 og 2299 millj. kr. í árslok 1971. Þar af námu endurkaup úr Seðlabankanum 140 millj. kr. í árslok 1970 og 167 millj. kr. í árslok 1971.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að gera heildarendurskoðun á lögum um samningsveð, en það er mikið verk og margslungið. Var því horfið að því ráði að semja sérstakt frumvarp um veðtryggingu iðnaðarlána. Við gerð þess var höfð hliðsjón af reglum þeim, sem gilda um sjálfsvörzluveð í landbúnaðar- og sjávarafurðum. Þá var litið til norskra laga um „forlagsspant“ nr. 1 8. marz 1946.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til, að iðnfyrirtækjum verði veitt hliðstæð heimild og framleiðendur landbúnaðar- og sjávarafurða hafa nú, til að setja bönkum og sparisjóðum að sjálfs-

vörzluveði ótiltekið safn hráefna og vara í vinnslu og fullunnar. Með iðnfyrirtækjum er átt við iðju- og iðnaðarfyrirtæki einstaklinga eða félaga, án tillits til rekstrarforma.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að veðrétti þessum og framhaldandi vernd hans í viðskiptum verði á nokkurn annan hátt fyrir komið en í lögum nr. 87/1960. Hin almenna regla veðréttarins er sú, að veðréttur haldist, þótt hið veðsetta skipti um eigendur. Hér er lagt til, að veðrétturinn falli niður, ef kaupandinn er grandlaus um veðsetninguna. Hins vegar skal hann halda, ef kaupandinn vissi eða mátti vita um veðsetninguna. Veðrétturinn skal þó ætíð haldast, ef selt er iðnfyrirtæki ásamt veðsettum vörum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að ákvæði 1. mgr. 7. gr. veðlaga nr. 18/1887, um að veðskuldabréf skuli undirrituð af tveimur vitundarvottum, gildi um veðbréf lána þessara, svo og ákvæði 1. gr. laga nr. 65/1957, um þinglestur. Þá er lagt til, að ákvæði 2. gr. laga nr. 87/1960, um forgangsrétt launa- og skattkrafna, gildi um veðskuldbindingar þessar og verði að því leyti jafnsettar hliðsettum veðsetningum landbúnaðar- og sjávarafurða. Það athugist, að ekki þótti fært að breyta eða fella úr gildi ákvæði 6. gr. laga nr. 87/1887, um að verkefni megi veðsetja með iðnaðarfasteign. Það ákvæði á fullan rétt á sér, þótt sú tegund veðsetninga muni lítið hafa verið notuð. Þetta hefur hins vegar það í för með sér, að bæði veðsalar og bankar og sparisjóðir verða að gæta þess, að eigi verði veðfox.

Um 4. gr.

Samsvarar ákvæðum 3. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960.